

42. Fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 26. nóvember 2013 og hófst kl 13:00

Mættir: Steinunn Leósdóttir formaður, Sóley Indriðadóttir, Björgvin Þóroddsson, Josteinn Hermundarson, Jón Arnar Beck, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir því að bæta inn dagskrárlið um Kirkjugarðinn á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Breyting á Aðalskipulagi-Stórholti.

Lagður fram uppdráttur með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi sem USN ákvað að láta gera á síðasta fundi nefndarinnar. Ákveðið að láta fjarlægja tilvísun til uppbyggingar í Finnafirði út úr textanum. Uppdrátturinn lagður fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

2. Sorpurðunarmál á Bakkafirði

Búið að koma bréf frá Íbúasamtökunum Bakkafjarðar og Ólafur kynnti það. Sveitarstjóra falið að kanna stöðuna á skipulagsvinnu vegna urðunarstaðar á Bakkafirði. Fundarmenn sammála um að einnig þurfi að skoða framtíðarlausn í urðunarmálum.

3. Lóðaumsókn

Búið að óska eftir lóð undir 90 fermetra einbýlishús sem yrði flutt á staðinn. Óskað eftir hentugri lóð til að setja húsið á. Fundarmenn sammála um að skoða hvort þetta íbúðarhús muni rúmast í Lækjarveg 2 eða Langanesvegi 25. Sveitarstjóra falið að skoða það.

4. Kirkjugarðurinn á Þórshöfn

Ólafur lagði fram drög að deiluskipulagi vegna kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju. Ákveðið að óska eftir umsögn sóknarnefndar á tillögunni áður en lengra er haldið. Ólafur aflar síðan upplýsinga um rétt vinnuferli við uppbygginu kirkjugarða.

5. Önnur mál

Óskað hefur verið eftir því að fá toghlera úr skipsflakinu sem er úti á nesi. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur rétt að landeigandinn verði spurður að því. Ólafi falið að koma því áleiðis hver landeigandinn er.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 14:00